

Ed.

## 710. Frumvarp til laga

[313. mál]

um steinullarverksmiðju.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980—81.)

### 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka þátt í stofnun hlutafélags er reisi og reki steinullarverksmiðju og að leggja fram í því skyni allt að 40% af hlutafé þess.

Málefni steinullarverksmiðjunnar heyrir undir iðnaðarráðherra.

### 2. gr.

Til samvinnu um stofnun eða starfrækslu hlutafélags skv. 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt að kveðja aðila, sem áhuga hafa á málinu.

### 3. gr.

Vegna stofnunar hlutafélagsins er ríkisstjórninni heimilt:

1. Að leggja fram allt að 14 milljónum kr. af fé ríkissjóðs sem hlutafé í nefndu hlutafélagi og að taka lán í þessu skyni. Framangreind upphæð miðast við lánskjaravísitölu 1. apríl 1981 og breytist í samræmi við hana.
2. Að veita ríkisábyrgð fyrir lánnum eða taka lán, er hlutafélaginu verði veitt til byggingar verksmiðjunnar, að fjárhæð samtals allt að 21 milljón kr., eða jafnvirði þess í erlendri mynt.
3. Að fella niður aðflutnings- og sölugjöld af vélum, tækjum og varahlutum til verksmiðjunnar. Fjármálaráðherra setur reglur um framkvæmd þessa ákvæðis og aðra þætti er varða aðflutnings- og sölugjöld af efni og aðföngum til verksmiðjunnar.

Fjármálaráðherra fer með framkvæmd þessarar greinar.

### 4. gr.

Eftirtalin frávík frá lögum um hlutafélög nr. 32/1978 skulu heimil:

1. Tala stofnenda skal óháð 2. mgr. 3. gr. laganna.
2. Tala hluthafa skal óháð 1. mgr. 17. gr. laganna.

### 5. gr.

Fulltrúa ríkissjóðs á aðalfundi og öðrum hluthafafundum í hlutafélagi skv. 1. gr. skipa iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra að jöfnu.

### 6. gr.

Hlutafélagið skal gera þær varúðarráðstafanir sem við verður komið til að varna tjóni á umhverfinu við framkvæmdir og verksmiðjurekstur á þess vegum og fylgja í hvívetna lögum um náttúruvernd, mengunarvarnir, öryggi og hollustuhætti á vinnustað svo og reglum sem settar eru samkvæmt þeim.

### 7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi því, sem hér er lagt fram, er stefnt að stofnsetningu steinullarverksmiðju á Íslandi. Til greina koma tvær verksmiðjustærðir. Annars vegar verksmiðja með um 15 000 tonna afkastagetu á ári og hins vegar verksmiðja með um 5 000 tonna afkastagetu á ári. Stærri verksmiðjan er miðuð við verulegan útflutning, en sú minni myndi framleiða aðallega fyrir innanlandsmarkað.

Framleiðslukostnaður minni verksmiðju er nokkru hærri en í stærri verksmiðju miðað við full afköst beggja og stærri verksmiðjan að því leyti hagstæðari kostur.

Hins vegar eru nokkur óvissuatriði varðandi útflutning og verður að telja nauðsynlegt að fyrir liggi samningar um sölu erlendis, áður en ríkisstjórn ákveði þátttöku í stofnun hlutafélags um slíkan útflutning.

Heimildir um fjárframlög og ábyrgðir eru miðaðar við að þær dugi til þátttöku í byggingu stærri verksmiðjunnar, þótt með frumvarpinu sé engin afstaða tekin til þess hvor ráðagerðin verði fyrir valinu. Gert er ráð fyrir að hlutafjárframlag úr ríkissjóði nemi allt að 40% af hlutafé félagsins.

Undirbúningsrannsóknir vegna þessa máls hófust af alvöru á árunum 1973—74 er hin svokallaða Gosefnanefnd, sem Magnús Kjartansson þáverandi iðnaðarráðherra skipaði árið 1972, aflaði upplýsinga og tilboða í tæki og búnað til steinullarframleiðslu. Verkefni þeirrar nefndar voru falin Iðnþróunarstofnun (síðan Iðntæknistofnun) árið 1976.

Áhugaaðilar á Suðurlandi stofnuðu árið 1974 fyrirtækið Jarðefnaiðnað hf. Einn af þeim úrvinnslumöguleikum sem fyrirtækið kannaði var framleiðsla á steinull. Félagið fylgdist með og fékk upplýsingar um störf Gosefnanefndar, en hefur einnig unnið sjálfstætt að málinu.

Um svipað leyti kom fram áhugi á steinullarframleiðslu á Norðurlandi. Bæjarstjórn Sauðárkróks sýndi hugmyndinni áhuga og var hún kynnt þar á degi iðnaðarins 1977. Beitti bæjarstjórnin sér fyrir athugun á að koma á steinullarverksmiðju á Sauðárkróki og í framhaldi af því var stofnað Steinullarfélagið hf. sumarið 1979 með aðild sveitarfélaga í Skagafirði. Naut Sauðárkrókskaupstaður nokkurrar aðstoðar Iðntæknistofnunar Íslands og Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins, en stóð einnig sjálfstætt að vinnu í málinu.

Á árunum 1978 og 1979 beitti núverandi iðnaðarráðherra sér fyrir viðtækri könnun málsins og í framhaldi af því var sú ákvörðun tekin, að iðnaðarráðuneytið stæði að þeim athugunum sem nauðsynlegar væru vegna steinullarframleiðslu hérlandis og hefði um það samstarf við áhugaaðila. Í júní 1979 fól iðnaðarráðherra Iðntæknistofnun Íslands að gera frumhagkvæmniathugun vegna steinullarframleiðslu og skilaði stofnunin lokaskýrslu sinni í febrúar 1980. Þar sem skýrslan var jákvæð skipaði iðnaðarráðherra í mars s. á. nefnd til þess að meta nánar hagkvæmni steinullarframleiðslu með hliðsjón af staðsetningu. Í þessa „Steinullarnefnd“ voru skipaðir:

Vilhjálmur Lúðvíksson, framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins, formaður.  
Hörður Jónsson, framkvæmdastjóri í Iðntæknistofnun Íslands.  
Bjarni Einarsson, framkvæmdastjóri Byggðadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins.

Svarar Jónatansson, verkfræðingur sem fulltrúi Jarðefnaiðnaðar hf.  
Þorsteinn Þorsteinsson, bæjarstjóri, Sauðárkróki sem fulltrúi Steinullarfélagsins hf.

Nefndin skilaði álitinu sínu í mars 1981 og hefur iðnaðarráðuneytið gefið það út í heild.

Fer hér á eftir kafli úr nefndarálitinu, þar sem greint er frá störfum nefndarinnar og helstu niðurstöðum ásamt tillögum um málsmeðferð:

#### „Störf nefndarinnar.

Skýrsla þessi er lokagreinargerð nefndar, sem upphaflega var skipuð með bréfi iðnaðarráðuneytisins 14. mars 1980, til að kanna forsendur staðarvals fyrir steinullarverksmiðju á Íslandi. Iðntæknistofnun Íslands hafði talið hagkvæmt að reisa slíka verksmiðju samkvæmt skýrslu, sem skilað var í janúar 1980.

Í bréfi ráðuneytisins segir, að þorin skuli saman hagkvæmni verksmiðju á Sauðárkróki, sem reist yrði í samvinnu við Steinullarfélagið hf. og verksmiðju í Þorlákshöfn, sem reist yrði í samvinnu við fyrirtækið Jarðefnaiðnað hf. á Suðurlandi. Umræddir aðilar höfðu báðir látið í ljós áhuga á þátttöku ríkisins í stofnun fyrirtækis til reksturs steinullarverksmiðju.

Nefndin greindi fyrst hvaða þættir gætu haft áhrif á staðsetningu verksmiðjunnar og skilaði um það álitsgerð til ráðuneytisins með bréfi, dagsettu 23. apríl 1980. Jafnframt fór nefndin yfir fyrirbyggjandi gögn um forsendur og hagkvæmni steinullarverksmiðju og skilaði um það sérstakri álitsgerð með ofangreindu bréfi.

Þar var lagt til að vinnslueiginleikar hráefnis frá báðum stöðum yrðu fullreyndir með tilraunum, og að flutningskostnaður á markað frá báðum stöðum yrði kannaður og staðfestur. Jafnframt var lagt til, að Framkvæmdastofnun ríkisins yrði falið að gera álit um mismunandi þjóðhagsleg áhrif staðsetningar á þessum tveim stöðum.

Með bréfi ráðuneytisins 29. apríl 1980 var nefndinni falið að hafa umsjón með samanburðarathugun í samræmi við tillögur sínar. Í 6. kafla eftirfarandi greinargerðar eru niðurstöður þessarar könnunar skýrðar, en jafnframt er gefið heildaryfirlit yfir forsendur og hagkvæmni steinullarverksmiðju. Markmið skýrslunnar er að gefa heillegan grundvöll til ákvörðunar í málinu.

Í athugunum nefndarinnar hefur fyrst og fremst verið miðað við steinullarverksmiðju, sem gæti framleitt 14 400 tonn á ári og flytti út það magn, sem ekki væri markaður fyrir innanlands. Gæti það orðið allt að 9 400 tonn á ári. Skömmu áður en nefndin hugðist ljúka störfum barst bréf frá Steinullarfélaginu á Sauðárkróki, þar sem farið var fram á, að einnig yrði gerður samanburður á smærri verksmiðju, sem framleiddi svo til einvörðungu fyrir innlendan markað. Slík verksmiðja yrði reist í samvinnu við franska fyrirtækið St. Gobain og með framleiðsluaðferð, sem St. Gobain léti í té gegn framleiðslugjaldi. Þessi kostur er athugaður sérstaklega og eru niðurstöður sýndar í kafla 7.

Nefndin hafði í fyrri tillögum sínum gert ráð fyrir að fela Elkem Spigerverket A/S í Noregi (framleiðandi rafbræðsluofna) ítarlega prófun á stórum hráefnisýnum frá Sauðárkróki og Þorlákshöfn. Var það vegna vísbendinga frá fyrri tilraunum með lítil sýni, sem bentu til mismunandi gæða hráefnisins á þessum tveim stöðum.

Að vel athuguðu máli, og höfðu samráði við tæknimenn Elkem var fallið frá þessu að sinni, þar sem umræddur mismunur væri ekki raunverulegur heldur háður rekstrarskilyrðum í tilraunatakjum og ekki líklegt, að skorið yrði úr neinum umtalsverðum mun á hráefni, jafnvel þótt stór sýni yrðu brædd. Ekki var talið raunhæft að framleiða steinull úr hinum tveim mismunandi hráefnum til að sannreyna áhrif á gæði framleiðslunnar. Því var ákveðið að senda lítil sýni til Lectromelt Corp. í Pittsburg, U. S. A. til samanburðarprófana við fyrri tilraunir, og jafnframt kannað hvort amerísk framleiðslutæki gætu hentað íslenskri verksmiðju.

Hallgrímur Jónasson, jarðfræðingur og Magnús Magnússon, vélaverkfræðingur frá Iðntæknistofnun Íslands fóru til Bandaríkjanna í september 1980 til að fylgjast með prófun íslensku hráefnanna og kynna sér tæki og framleiðsluaðferðir steinullar þar í landi. Þeir heimsóttu einnig vélaframleiðendur í Evrópu.

Niðurstöður þessara prófana ásamt skýringum og samanburði á tilboðum og tækjum erlendra framleiðenda eru í köflum 4 og 6 hér á eftir (9, 10). Þá átti fulltrúi Iðntæknistofnunar í september síðastliðnum jákvæðar viðræður við erlenda aðila um sölu íslenskrar steinullar til Englands og meginlands Evrópu.

Í starfi sínu hefur nefndin leitað til fjölmargra fyrirtækja og stofnana um upplýsingar. Má þar nefna meðal annars:

- Eimskipafélag Íslands hf.
- Nesskip hf.
- Hafskip hf.
- Skipaútgerð ríkisins.
- Herjólf hf.
- Hafrannsóknastofnun.
- Björgun hf.
- Rafmagnsveitur ríkisins.
- Vegagerð ríkisins.

Niðurstöður nefndarinnar styðjast að umtalsverðu leyti við upplýsingar frá þessum aðilum, einkum að því er varðar flutning og öflun aðfanga. Auk þess er að

sjálfsögðu byggt á reynslu- og kostnaðartölum vélaframleiðenda Elkem A/S í Noregi og Jungers Verkstads AB í Svíþjóð. Starfsmenn Almennu verkfræðistofunnar hf. hafa og unnið að ákveðnum þáttum áætlunarinnar. Þá hefur og annað starfsfólk Þróunar- deildar TSÍ lagt fram sinn skerf svo sem vélritun og yfirlestur. Kann nefndin þessu fólki bestu þakkir fyrir framlag þess.

Nefndin hefur alls haldið 25 reglulega fundi. Aðalstarf nefndarinnar hefur hins vegar verið á vegum nefndarmanna utan skráðra funda.

#### Samanteknar niðurstöður og tillögur.

1. Athuganir nefndarinnar benda til, að steinullarframleiðsla á Íslandi til notkunar innanlands og til útflutnings geti orðið arðbær og þjóðhagslega hagkvæm. Nauðsynlegt er þó að ganga frá viðskiptasamningum um útflutning áður en tekin er ákvörðun um byggingu verksmiðju.
2. Hagkvæm stærð verksmiðju er talin svara til 14 000—15 000 tonna ársframleiðslu. Arðsemi verksmiðju, sem miðuð væri einvörðungu við innlendan markað yrði verulega lakari.
3. Stofnkostnaður 14 000—15 000 tonna steinullarverksmiðju yrði um 106.8 m.kr. og framleiðsluverðmæti um 55—60 m.kr. á ári, miðað við full afköst. Starfslið yrði 68 manns samtals. Aflþörf slíkrar verksmiðju yrði um 5,5 MW.
4. Arðsemi fjárfestingar hefur verið reiknuð með ýmsum hætti og eru aðal- niðurstöður þær, að innri raunvextir af heildarfjárfestingu eftir skatta yrði 8,5% á föstu verðlagi, en 4% í 60% verðbólgu. Sjóðstaða fyrirtækisins yrði jákvæð eftir 4 ár og ekki horfur á greiðsluferfiðleikum.
5. Líklegt er talið að innlendir markaður fyrir steinull þróist í allt að 7 500 t/ár á 15 árum, miðað við það verð, sem sett er á framleiðslu verksmiðjunnar og líklega þróun notkunar innanlands. Verð á einangrunarefnum á innlendum markaði mun lækka verulega og innflutningur steinullar og glerullar dragast mjög mikið saman.
6. Samkvæmt athugunum á markaðsmöguleikum og verðlagi á steinull erlendis og á grundvelli upplýsinga frá aðilum, sem tjá sig reiðubúna til kaupa á steinull frá verksmiðju á Íslandi, virðist raunhæfur grundvöllur fyrir útflutning til Breiðlands og meginlands Evrópu. Sem stendur er þó tímabundin sölutregða á steinull vegna almenns samdráttar í efnahagslífi í þessum löndum. Væntanlegir kaupendur eru bjartsýnir á að markaðurinn taki við sér innan tveggja ára. Ekki hefur orðið verðfall á markaði þrátt fyrir þennan samdrátt.

Rétt er að geta þess að samkvæmt athugunum nefndarinnar er heildsölu- verð á léttri steinull 70—100 kr/m<sup>3</sup> á Norðurlöndum, en um 200 kr/m<sup>3</sup> í Bretlandi og á meginlandinu. Fyrirhugað heildsöluverð á léttri ull á innlendum markaði er um 145 kr/m<sup>3</sup>. Útflutningur á steinull byggist á því að þessi verðmunur milli markaðssvæða haldist, svo sem verið hefur lengi. Svo virðist sem sterk innbyrðis tengsl stærstu steinullar- og glerullarframleiðenda í Evrópu viðhaldi þessum mun, en nefndin treystir sér ekki til að meta hvort svo verði lengi áfram. Að mati erlendra kaupenda eru ekki taldar líkur á breytingum.

Nefndin áréttar að þetta verði haft í huga við frágang viðskiptasamninga áður en endanleg ákvörðun er tekin um byggingu verksmiðju, og af þeim aðila sem hyggst reka hana.

7. Rekstrarkostnaður steinullarverksmiðju á Íslandi er að mati nefndarinnar sambærilegur við það, sem best gerist erlendis í verksmiðjum af sömu stærð. Hagstætt orku- og hráefnisverð vegur nokkurn veginn upp á móti hærri kostnaði af innfluttum aðföngum. Áhrif stærðarhagkvæmni hafa ekki verið könnuð sérstaklega.

Samkeppnisstaða steinullarverksmiðju á erlendum markaði byggir fyrst og fremst á hagkvæmum flutningi frá landinu. Vegna verulega vannýtttrar flutnings- getu með skipum frá landinu og vaxandi gámaflutninga, bjóðast nú flutnings-

gjöld sem eru sambærileg við flutningsgjöld samkeppnisaðila á Norðurlöndum til markaða í öðrum löndum V-Evrópu.

8. Athuguð var sérstaklega hagkvæmni þess að framleiða einvörðungu fyrir innlendan markað og miðað við tvær framleiðsluáðferðir, annars vegar þá sömu og reiknað er með í stórri verksmiðju og hins vegar áðferð, sem er í eigu franska fyrirtækisins St. Gobain og boðin er til afnota gegn framleiðslugjaldi. Miðað við ársframleiðslu, sem mest yrði 7 500 t/ári, yrði stofnkostnaður St. Gobain verksmiðju um 77,8 m.kr. og fjöldi starfslíðs mest 62, en framleiðsluverðmæti mest um 38 m.kr. Arðsemi verksmiðju, sem rekin yrði við þessi skilyrði hefur verið reiknuð hliðstætt því sem gert er fyrir stærri verksmiðjuna og getið er í lið 4. Aðalniðurstöður eru að innri raunvextir eftir skatta yrðu um 3% í stöðugu verðlagi og ÷ 1,5% (neikvæðir raunvextir) í 60% verðbólgu. Svipuð afkoma yrði hjá stærri verksmiðjunni ef hún væri rekin einvörðungu fyrir innlendan markað.

Greiðslustaða fyrirtækis, sem rekið yrði með þessum hætti, yrði mjög erfið (neikvæð sjóðstaða í 13 ár).

Ef verksmiðja, sem bundin er við innlendan markað, á að skila sömu arðsemi og sú, sem selur einnig til útflutnings, þarf verðið fyrir innlendan markað að hækka um 18—19% frá því sem gert er ráð fyrir í aðaldæminu. Veruleg óvissa er um ýmis tæknileg og rekstrarleg atriði varðandi möguleika á rekstri sem bundinn yrði við innlendan markað.

9. Athuganir nefndarinnar hafa ekki leitt í ljós nein þau atriði, er stefnt geta í hættu heilsu starfslíðs, miðað við að eðlilegar og þekktar ráðstafanir séu gerðar til loftræstingar í verksmiðjunni. Áhrif á ytra umhverfi yrðu hverfandi önnur en jarðrask af sandnámi.
10. Nefndin hefur kannað forsendur staðarvals, þ. e. þá þætti sem hafa áhrif á rekstrarafkomu verksmiðjunnar. Kannaði nefndin áhrif staðsetningar annars vegar í Þorlákshöfn og hins vegar á Sauðárkróki.

Könnuð voru gæði hráefna og kom ekki afgerandi munur í ljós, nema hvað heldur meiri skeljasand þurfti með basaltsandi í Þorlákshöfn en á Sauðárkróki til að fá hliðstæða eiginleika í basaltbráðina til steinullargerðar.

Samanburður var gerður á flutningskostnaði á aðföngum og afurðum, og miðað við áætlun um þriðja starfsár verksmiðju og 12 200 tonna framleiðslu það ár. Niðurstöður eru sýndar í eftirfarandi töflu og til samanburðar sýndur flutningskostnaður áætlaður með hliðstæðum hætti fyrir staðsetningu í Reykjavík. Jafnframt er sýndur sá flutningskostnaður, sem reiknað er með í arðsemisútreikningi (meðaldæmi), sbr. lið 4 að framan.

#### Samanburður flutningskostnaðar á aðföngum og afurðum.

	Reykjavík	Reiknað í		Þorlákshöfn	Mismunur
	kr.	meðal-	Sauðárkrókur	kr.	kr.
Aðföng:		dæmi kr.	kr.		
Basaltsandur .....		134 784	176 189	121 094	55 095
Skeljasandur .....	459 000	224 690	167 694	209 640	÷(41 946)
Afurðir:					
Á innlendan markað	1 980 422	2 210 000	2 523 669	2 122 033	401 657
Innanlands á					
erlendan markað ..	556 900	2 400 000	2 409 600	1 582 800	826 800
Samtals	3 032 322	4 969 474	5 277 152	4 035 567	1 241 606

Heildarmunur á innlendum flutningskostnaði aðfanga og afurða verksmiðju á Sauðárkróki og í Þorlákshöfn verður skv. þessu kr. 1 241 600 hærri fyrir verksmiðju á Sauðárkróki en í Þorlákshöfn. Þetta nemur um 2,7% af söluverðmæti verksmiðjunnar.

Áhrif þessa mismunar á arðsemi verksmiðjunnar má í heildina meta þannig að meðalsöluverð við verksmiðju sé 1,35% lægra fyrir Sauðárkrók eða 1,35% hærra fyrir Þorlákshöfn en það meðaltalsdæmi sem getið er um hér að framan. Miðað við 60% verðbólgu lækka þá innri raunvextir úr 9,5% (fyrir skatta) í 8,5% fyrir verksmiðju á Sauðárkróki, en hækka úr 9,5% í 10,25% fyrir verksmiðju í Þorlákshöfn. Þess ber þó að gæta að í reynd mun verksmiðjan sjálf ekki þurfa að bera allan kostnað af flutningum á afurðum á innlendan markað, og yrði þá munurinn lítið eitt lægri.

Á sama hátt mætti segja að verðið til kaupenda þyrfti að verða 1,35% hærra fyrir Sauðárkrók, en mætti verða 1,35% lægra fyrir Þorlákshöfn til að halda sömu arðsemi og meðaltalsdæmið.

Þessi mismunur getur ekki talist meiri en skekkjumörk sjálfrar áætlunarinnar þegar á heildina er lítið, og verður því staðsetning verksmiðjunnar ein sér ekki talin hafa úrslitaáhrif á afkomu hennar þótt vissulega sé staðsetning í Þorlákshöfn nokkru hagstæðari.

Í töflunni er flutningskostnaður á aðföngum og afurðum miðað við staðsetningu í Reykjavík einnig sýndur. Er hann reiknaður með hliðstæðum hætti og kostnaður fyrir hina tvo staðina. Niðurstaðan er sú að staðsetning í Reykjavík hefði í för með sér um 1 millj. kr. sparnað í heildarflutningum miðað við staðsetningu í Þorlákshöfn. Hráefnið yrði að líkindum dýrara í Reykjavík, en sparnaður vegna flutninga á framleiðslunni nokkur. Þess ber þó að gæta að þessi munur segir ekki alla söguna, því að líkindum yrði kostnaður við strandlód á Reykjavíkursvæðinu mun hærri en við hafnarlóðir í Þorlákshöfn og á Sauðárkróki og stofnkostnaður því eitthvað hærri. Ef ekki fengist strandlód í Reykjavík yrði flutningskostnaður í Reykjavík mun hærri.

Sé miðað við framleiðslu fyrir innanlandsmarkað eingöngu, virðist mismunur staðanna þriggja óverulegur að þessu leyti.

11. Rétt er að undirstrika að gert er ráð fyrir jafnri dreifingu flutnings á afurðum allt árið. Slíkt verður þó sennilega ekki raunin vegna ójafnrar dreifingar á sölu og hugsanlegra erfiðleika í flutningum. Trufnanir á flutningum geta hugsanlega skapað eitthvað meiri erfiðleika fyrir verksmiðju á Sauðárkróki, t. d. vegna hafísa eða vegna röskunar á áætlunum Skipaútgerðar ríkisins, sem hefur gert það tilboð í flutninga frá Sauðárkróki, sem reikningar miðast við. Nefndin hefur þó ekki talið raunhæft að reikna áhættu þessa til fjár.
12. Nefndinni var falið, auk athugana á áhrifum staðsetningar á stofn- og rekstrar-kostnað verksmiðjunnar, að gera grein fyrir samanburði hinna tveggja staðsetningarkosta út frá þjóðfélagslegum viðhorfum, mannafla og áhrifum á byggðaðþróun. Það er álit nefndarinnar, byggt á niðurstöðum kafla 6.6, sem unninn er af Bjarna Einarssyni, framkvæmdastjóra byggðadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins, að tvö atriði, er varða áhrif á byggðaðþróun, séu staðsetningu á Sauðárkróki í vil. Staðbundin áhrif til aukningar atvinnu verði þar meiri og staðsetning þar stuðli að verulega bættri nýtingu strandferðaskipa og stuðli þar með að aukinni hagkvæmni í flutningakerfi landsins. Hins vegar er rétt að benda á, að bæði á Suðurlandi og Norðurlandi vestra er mikil nauðsyn á nýjum atvinnutækifærum, sérstaklega í iðnaði. Í þessu nefndaráliti er einungis fjallað um einn iðnþróunarmöguleika, steinullarverksmiðju og er því eðlilegt að endanlegt mat ríkisvaldsins á staðsetningu hennar taki mið af því hvor staðurinn eigi auðveldara með að finna annan kost jafngóðan innan svipaðs tíma.
13. Þegar þessar niðurstöður eru allar bornar saman telur nefndin, að arðsemisrök og byggðaleg sjónarmið mæli ekki afgerandi með öðrum staðnum frekar en hinum. Val á staðsetningu verksmiðjunnar hljóti því öðru fremur að byggjast á vali á æskilegum samstarfsaðila er veitt geti rekstrarlega forystu og tekið

ábyrgan þátt í fjármögnun fyrirtækisins og ákvörðunum varðandi uppbyggingu og rekstur. Með hliðsjón af þessum niðurstöðum gerir nefndin eftirfarandi tillögur um málsmeðferð.

#### Tillögur um málsmeðferð.

1. Nefndin leggur til að iðnaðarráðherra hafi forgöngu um að lagt verði fram á Alþingi stjórnarfrumvarp um heimild fyrir þátttöku ríkisins í fyrirtæki, sem hafi að markmiði að reisa og reka steinullarverksmiðju á Íslandi.
2. Með tilliti til liðar 12 í niðurstöðum, þ. e. að nefndin treystir sér ekki til að benda á ákveðinn stað fyrir steinullarverksmiðju, er lagt til, að ríkisstjórnin fái í áðurnefndu frumvarpi heimild Alþingis til þess að velja samstarfsaðila (sjá þó lið 4).
3. Það er skoðun nefndarinnar að ríkissjóður eigi ekki að afhenda öðrum hvorum aðilanum steinullarverksmiðju með fyrirheiti um fjármagn til stofnkostnaðar. Nefndin er þeirrar skoðunar að áhugaaðilar verði að leggja fram hlutafé, vera tilbúnir til að taka fjárhagslega áhættu og taka sjálfstæða og ábyrga ákvörðun um byggingu og rekstur slíkrar verksmiðju.  
Því er lagt til að:
  - a) Hlutafé í fyrirtækinu verði að lágmarki 30% af stofnkostnaði.
  - b) Ríkissjóður leggi fram að hámarki 40% af hlutafé.
  - c) Ábyrgðir ríkisins af lánum vegna framkvæmda verði eigi hærri en fjórðungur lánsfjár.
4. Ríkisstjórnin gefi þeim áhugaaðila er hún velur til samstarfs kost á að safna 60% af hlutafé. Áhugaaðila verði veittur 3ja mánaða frestur til þessa verks. Að loknum þessum þremur mánuðum skal hann leggja fram áætlun, er sýni hvernig hann kjósi að staðið skuli að byggingu og rekstri verksmiðjunnar. Reynist þeim aðila, er fyrstur er valinn til samstarfs, ókleift að standa við ofangreind skilyrði, skal ríkisstjórnin gefa hinum aðilanum kost á hinu sama.
5. Takist hvorugum aðilanum að standa við ofangreind skilyrði, er lagt til að ríkisstjórnin taki málið í sínar hendur og teljist þá óbundin öllum hagsmunaaðilum varðandi staðsetningu og velji sjálf samstarfsaðila og samstarfsform.“

#### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1., 2. og 3. gr.

Reiknað er með að ríkissjóður leggi fram allt að 40% af hlutafé og ábyrgist allt að 25% lána fyrirtækisins. Stofnkostnaður er áætlaður um 107 m.kr. 1. jan. 1981, eða um 116 m.kr. 1. apríl 1981. Framlög og ábyrgðir ríkissjóðs eru í samræmi við þessar tölur. Miðað er við að hlutafé verði um 30% af stofnkostnaði fyrirtækisins.

Um 4. gr.

Ekki er talin ástæða til að leggja hömlur á tölu stofnenda eða hluthafa að félaginu, m. a. með hliðsjón af aðild ríkisins að því.

Um 5. gr.

Um stjórn félagsins fer eftir samþykktum þess.

Um 6. gr.

Stefna ber að því að vernda umhverfi væntanlegrar steinullarverksmiðju fyrir röskun af hennar völdum og skapa þar sem best starfsskilyrði.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.